

**Þorrapanki:
Hákarlar,
þorrinn og svo
vorið**



**Geðsjúkt skilti:
Nýtt skilti
framan á
klúbbhúsið**



Litli Hver

02. töl. 2022



Þorrapanki



<https://wallpaperaccess.com/tiger-shark>. Meinlaus eða tannlaus?

Eins góður og íslenski hákarlinn er á þorrablótí saknar höfundur fleiri hákarlategunda hér við haf. Mest aðlaðandi hákarlarnir vilja vera í heitum sjó en þeir kunna þó að villast upp að Íslandsströndum þó að ekkert hafi heyrst af slíku. Ég held að það sé alger mýta að hákarlar séu mannætur þó að slysin eigi sér alltaf stað endrum og eins. Við vitum nefnilega mætavel að það er maðurinn sem etur hákarlinn og við fáum nóg af hákarli á þorranum. Annars er þorriinn ætíð áminning um það að stutt er í vorið og páskana.

Kári Ragnars

Forsíðumyndin

Arnarstapi á Snæfellsnesi prýðir forsíðu Litla-Hvers að þessu sinni. Þessi mynd verður prentuð út og hengd upp á vegg í 6X6 Centre for photography, í Liamssól á Kýpur.



Forsíðumyndin er frá Arnarstapa eftir Óðinn Einisson

Ég tók þátt í ljósmyndakeppni sem hét „Beauty of the earth“ þar sem tugir þúsunda ljósmyndara víðsvegar um heiminn tóku þátt, en aðeins örfáar myndir eru hengdar upp á vegg. Flestar myndir sem voru valdar á sýninguna eru sýndar á digital skjá.

Þessi seiðmagnaði staður, þar sem andi Bárðar Snæfellsáss umlykur allt, hefur heillað mig í áratugi, líkt og Snæfellsnesið í heild sinni og mun myndin væntanlega sóma sér vel með öðrum fallegum stöðum í heiminum.

Þetta verður til þess að ég mun halda áfram að taka myndir og gera mitt besta og þess má geta að ég hef átt myndir á sýningum í fimm heimsálfum.

Óðinn

OPNUM Á NÝ

Opnum á ný miðvikudaginn 2. febrúar samkvæmt hefðbundnum opnunartíma. Hvetjum félagi til að mæta og taka þátt í vinnumiðuðum degi. Alltaf góður andi í Klúbbnum Geysi. Eflum hann enn frekar.

Litli Hver

Útgefandi: Klúbburinn Geysir. Framkvæmdastjóri: Þórunn Ósk Sölvadóttir. Þeir sem unnu þetta blað: Helgi Halldórsson, Kári Ragnars, Benedikt, Sigga Nanna, Fannar, Helgi Halldórs Heimilisfang: Skipholt 29. Sími: 551-5166 www.kgeysir.is. Facebook: Klúbburinn Geysir Instagram: klubburinn_geysir

Tölfræði fáránleikans

Ásir samlindra liða

1934	21	3	21
1950	22	2	22
1962	22	7	22
1966	22	5	22
1978	22	5	22
1982	22	4	22
1986	22	4	22
1990	22	4	22
1994	22	8	22
1998	22	7	22
2002	23	3	23
2006	23	3	23
2010	23	7	23
2014	23	5	23
2018	23	3	23
	334	70	21%

Tölfræði mánaðarins sýnir talsverða yfirburði stórliðanna tveggja sem spila El Clasico leikinn. Rétt er að taka fram að þegar Spánn varð heimsmeistari var leikmannahópur FC Barcelona stútfullur af leikmönnum úr La Masia. Spánn varð heimsmeistari 2010 en Barcelona vann Meistaradeildina 2009 og 2011. Þess má meðal annars geta að á HM 2006 áttu Liverpool FC og FC Barcelona jafnmarga fulltrúa í spænska landsliðinu eða þrjá. Já haft eftir sumum Katalónum; Katalónía er ekki Spánn! Peppe Reina og Luis Garcia leikmenn Liverpool áttu jafnframt sterka tengingu við Barcelona.



Andrés Iniesta lék 131 landsleik með Spáni

Bratti klúbbfélaginn

Strippstaður í Amsterdam



Myndin er frá Amsterdam og fengin á síðunni: <https://www.cntraveler.com/story/amsterdam-weed-ban-for-tourists>

Sagan segir af ólseigum og bröttum klúbbfélaga sem hyggst leggja land undir fót og opna strippstað í Amsterdam. Haft er eftir kappanum að þrátt fyrir að vera mjög andvígur mannsali og kynlífsánauð þá sé hann ekki að höggva nærri trénu. Þeir sem næst honum standa hafa áhyggjur af því að of vel verði gert við nektardansmærnar og hvorki verði til nægur peningur til að borga eigandanum laun né arð. Sé eitthvað að marka það verður varla um manninn sagt að græðgin sé að bera hann ofurliði. Aðspurður hvort hægt verði að kaupa sér frekari þjónustu á staðnum þverturklúbbfélaginn fyrir það. Af hverju er þá kappinn í Amsterdam? Vissulega skemmir ekki fyrir að geta farið í appelsínugulum bol á heimaleiki hollenska landsliðsins í knattspyrnu og fá sér Heineken.

Matseðill fyrir febrúar 2022

Matseðill er birut með fyrirvara um breytingar



Alla daga er hægt að panta sér saslatskál a la grande.
Munið að panta samdægurs fyrir klukkan 10.00

Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.
	1.	2. Burrito	3. HLADBORD	4. Blómkálmús með stroganoff og eplagrautur	5.
7. Ommiletta	8. Fiskbollur í búrnni sósu kartöflur og salat	9. Baunaréttur	10. HLADBORD	11. Kálböggjar með gulrótum, kartöflum og ávaxtagrautur	12.
14. Blómkáls- súpa og brauð	15. Ýsa, hrogn og lífur, kartöflur og smjör	16. Hakk og spaghetti	17. HLADBORD	18. Ketó. Kjöttbollur og aprikósugrautur	19.
21. Pastaréttur að hætti Kára	22. Steiktur fiskur í raspi, kartöflur salat og remúlaði	23. Lasgna	24. HLADBORD	25. Lærissneiðar í raspi, kartöflur, grænar baunir, rauðkál, sulta og bláberjagrautu	26.
28.					

Hefur þú tillögur að skemmtilegri matseld og hugmyndir um að auka fjölbreytni á matseðli Klúbbsins Geysis? Mættu þá á eldhúsfund kl. 10:30 síðasta mánudag hvers mánaðar og taktu þátt í að móta heilsusamlegan og fjölbreyttan matseðil.

Opnunartími og aðrar upplýsingar varðandi vinnumiðaðan dag og sóttvarnir

Annan febrúar opnum við allan daginn.
kl:8:30 til 16:00.

Við fengum smit inn í Klúbbinn rétt fyrir jóla, sem orsakaði það að allir þeir sem voru í klúbbnum þann daginn þurftu að fara í sóttkví. Sóttkviin gerði það að verkum að við þurftum að loka á meðan á henni stóð. Lán í ólani var þó að það var á milli jóla og nýárs. Eftir áramótin var svo opnað aftur frá kl. 10:00 til 15:00.

Öll starfsemi fer aftur í gang, morgunmaturler verður eins og áður frá kl 8:30 til 9:15 og auðvitað kostar hann ekkert, maturler verður eldaður, félagsleg dagskrá sett í gang, hlaðvarp, tölvuver og atvinnuleitarhópur, allt sett í gang.

Tölvuverið er á þriðjudögum Kl: 11:15.

Atvinnuleitarhópurinn verður hálfsmánaðarlega og byrjar mánudaginn 7. febrúar kl: 14:00

Aðrir fundir verða á sama tíma og þeir hafa verið á. Við munum auglýsa alla fundi á heimasíðunni.

Við fylgum sóttvörnum og verðum áfram með grímur þegar við náum ekki að viðhafa eins metra reglunni. Handþvottur og spritt er eitthvað sem við kunnum að nota og við höldum áfram að sótthreinsa alla snertifleti.

Félagar eru minntir á það að koma ekki í Klúbbinn ef þeir finna fyrir einhverjum einkennum s.s. kvefi, hálsbólgu, beinverkjum og ýmiss konar vanlíðan.

Spurning mánaðarins

Hvað er það neyðaregasta sem þú hefur lent í?

Gísi Richardsson:

Þegar ég var á varðskipi og sat í stól skipstjórans í brúnni. Svo kemur hann og bregður svo við það að ég hoppa úr stólnum og lenti á ristinni á honum.



Óðinn Einisson:

Var að máta í Dressman og ætlaði að far í mátunarklefan. Þar rakst ég á mann og dauðbrá og baðst afsökunar, þegar ég áttaði mig á því að ég var að horfa á sjálfan mig í spegli.



Helgi Halldórsson:

Fyrir nokkrum árum skutlaði vinkona mín mér í Landsbankann í Borgatúni. Á leiðinni til baka kem ég að bílnum opna hurðina og sest inn og er þá í viltlausum bíl.



Ólöf Helga: Ég var við afgreiðslustörf með hor í nefinu, þegar árvökull viðskiptavinur benti mér á það.



Steinar Almarsson: Áramótapistill

Að dauðaveiran hverfi fyrir sumarið

Sumum gæti þótt of seint að óska gleðilegs nýs árs, en ég geri það samt og óska öllum gleðilegs nýs árs með þökkum fyrir liðnu árin!

Í upphafi þessa árs eins og í upphafi hvers nýs árs eru væntingar með tilheyrandi áramótaheitum fyrir nýja árið. Heilsan er oftast ofarlega í hugum fólks og oftast líkamlega heilsan frekar en andlega heilsan. Undanfarin tvö ár hefur heimsbyggðin glímt við faraldur sem orsakast af útbreiðslu kórónuveirunnar. Þetta er dauðafaraldur og ekkert líkur árlegum, tímabundnum influensufaraldri. Væntingar mínar fyrir þetta ár, eins og væntingar allra, eru að þessi dauðaveira hverfi í eitt skipti fyrir öll og að við getum farið aftur að lifa eðlilegu lífi án óþarfa takmarkana sem eru í gildi núna.

Það sem mér hefur dottið í hug á þessari tveggja ára reynslu af baráttunni við kórónuveiruna er þrennt: Fyrir það fyrsta þurfum við að skoða hvað þessi faraldur hefur kennt okkur um líf okkar, þá sérstaklega óþarfa snertingar og um allt frjálsræðið okkar. Í öðru lagi gæti verið að við þyrftum að lifa með þessari veiru þar sem ekkert er víst að hún hverfi fyrir fullt og allt og margnefnt hjarðónæmi verði aldrei staðreyndin. Í síðasta lagi skal muna að þessi faraldur er heimsfaraldur sem verður ei



Steinar Almarsson

búinn í einu landi fyrr en hann er búinn í öllum löndum heims. Á meðan eigum við að hlýða öllum reglum eins og ætíð ásamt því að hugsa skynsamlega og passa okkur sjálf eins og vanalega.

Að lokum: Það verður ei Víðir lögga, Þórólfur sóttvarnalæknir eða Alma landlæknir sem tilkynna að faraldrinum sé lokið. Heilbrigðisráðherrann okkar verður heldur ekki fyrstur til að tilkynnir það. Það verður yfirmaður Alþjóða Heilbrigðisstofnunarinnar, sem tilkynnir öllum heiminum þær gleðifregnir. Sjálfur vona ég að þessum heimsfaraldri ljúki áður en sumarið hefst.

Nýtt skilti á húsið



Fimmtudaginn 27. janúar var nýtt skilti klúbbsins sett á klúbbhúsið. Fyrirtækið Logoflex sá um framleiðslu og uppsetningu og veitti okkur úrvals þjónustu. Nýja skiltið gerir okkur sýnilegri með baklýstu og upphleyptu lógói klúbbsins.



Við erum ákaflega stolt af vandaða og fallega skiltinu okkar.

Gönguhópurinn endurræstur



Í Klúbbnum Geysi eflum við líkamlega heilsu ekki síður en geðheilsu okkar. Það gerum við meðal annars með því að skella okkur í léttu göngu um hverfið okkar. Daglegir göngutúrar eru á dagskrá klukkan 13.45, alla virka daga. Vertu með, áfram gakk!

Hvar er Dódó frá Dalatanga ?

Litli- Hver auglýsir eftir Dódó frá Dalatanga. Dódó hefur gefið lífinu okkar lit, við höfum hlakkað til að lesa spurningarnar hennar og fylgjast með lífinu hjá henni og Kæro á Dalatanga. Dódó ef þú lest þetta þá endilega haltu áfram að vera vinur okkar. Við í Klúbbnum Geysi Söknum þín.

Litli Hver



Clubhouse International
Creating Community: Changing the World of Mental Health

Geðheilsa er líka heilsa

Félagsleg dagskrá í febrúar


3. febrúar: Útivist í Helliggerði í Hafnarfirði.
Lagt að stað frá Geysi kl. 15.45. Tóta fer með hópnum.

10. febrúar: Landnámssýningin í Aðalstræti.
Lagt af stað frá Geysi kl. 14.45. Jacky skoðar sýningu ásamt félögum.

17. febrúar: Sund. Nánar auglýst síðar. Benni syndir með sundköppum.

24. febrúar: Opið hús Opið frá 16.00 til 19.00
Sigga Nanna eldar með svöngum félögum.

Félagi mánaðarins



Félagi mánaðarins að þessu sinni er Ásta Ólsen:

Ásta byrjaði í Klúbbnum Geysi 6. júní 2019. Hún byrjaði strax að vinna í eldhúseilinni af krafti og hefur blómstrað þar.

Hún er umhuggjusöm, og ráðagóð. Orkumikil og stundvís, algjörlega til fyrirmyndar í öllum eldhúsverkum og góður félagi.

Helstu áhugamál Ástu eru að hugsa um heilsuna. Hún stundar líkamsrækt, hjólar, fer í sund og göngutúra til að halda sér í forni.

Afmælisveisla félaga í sem áttu afmæli í desember, janúar og febrúar verður haldin þriðjudaginn 22. febrúar kl. 14:00